

BRÁÐABIRGÐALÖG

77
19. júlí

um

breyting á lögum nr. 35, 19. júní 1922, um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að fjármálaráðuneyti Vort hefir þegnlega borið það upp fyrir Oss, að upptalningin í 1. gr. laga nr. 35, 19. júní 1922, um breytingu á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl., sje eigi nægilega ljós, og geti því valdið misskilningi, og heldur eigi fyllilega tæmandi, en útflutningsgjald af þargreindum vörutegundum nemur mikilli fjárhæð fyrir ríkissjóð, og útflutningur á greindum afurðum af þessa árs framleiðslu hefst nú innan skamms tíma, þá teljum Vjer það brýna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920. Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Af hverri síldartunnu (108—120 ltr.) skal greiða í ríkissjóð 1 kr. 50 aura, af hverjum 100 kg. af síldarmjöli, fiskimjöli og fóðurkökum 1 kr., af hverjum 100 kg. af síld, sem flutt er til útlanda óunnin til bræðslu 25 aura, af hverjum 100 kg. af fiskiúrgangi, hausum og beinum þurkað en óunnið 1 kr., af hverjum 100 kg. af óþurkuðum fiskiúrgangi 50 aura.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 19. júlí 1928.

Undir Vorru konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús J. Kristjánsson.